

Meistari sem breytti sjálfsvitund þjóðar



"Jói í Geitavík nefnist þessi hluti Kjarvalsstofu. Þar eru ýmsir persónulegir munir Kjarvals frá Borgarfirði, auk frægrar altaristöflu meistarans.

Hugmyndin um Kjarvalsstofu er ekki síst hugsuð til að verða lyftistöng fyrir borgfirskt samfélag og til að gera minningu Jóa í Geitavík, eins og Kjarval var alltaf kallaður eystra, góð skil og sýna henni tilhlýðilega virðingu. **Steinunn Ásmundsdóttir** segir frá opnun safnsins.

BORGARFJÖRÐUR eystri skartaði sínu fegursta þegar forseti Íslands opnaði Kjarvalsstofu á laugardag að viðstöddu fjölmenni. Á safninu er fjallað um líf og list Jóhannesar S. Kjarvals, sem ólst upp í Geitavík í Borgarfirði frá fimm ára aldri og hélt sterkum tengslum við heimafólkið og fjörðinn alla sína tíð. Einnig var opnuð sýning á málverkum Kjarvals úr borgfirsku landslagi og frumflutt leikverk um það skeið ævi hans er hann málaði þekkta altaristöflu Bakkagerðiskirkju.

Forsetinn hafði í nógu að snúast á laugardag því að árla morguns var hann viðstaddur þegar landeigendur Ketilsstaða í Hjaltastaðapinghá afhentu Austur-Héraði formlega til eignar sumarhús og bátaskýli í svokölluðum Kjarvalshvammi. Það er lítið og undurfagurt dalverpi með útsýn yfir sveitina og Dyrfjöllin og hafðist Kjarval þar oft við á sumrum til innblásturs og listsköpunar. Undirritaður var samningur til 50 ára þar sem Austur-Hérað og Minjasafn Austurlands taka að sér viðhald og endurbætur á húsunum eftir því sem fjárveitingar leyfa. Vottar að gjörningnum voru afkomendur Kjarvals, Kolbrún og Jóhannes.

Safn Jóa í Geitavík verði samfélaginu lyftistöng

Skömmu eftir hádegi hópaðist fólk í Fjarðarborg, félagsheimili Borgfirðinga, og hófst þar vígsluathöfn með ávarpi framkvæmdastjóra Kjarvalsstofu, Áskels Heiðars Ásgeirssonar. Hann sagði safnið byggt upp á þremur lykilforsendum; samstarfi við Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaði, samstarfi við afkomendur Kjarvals og að heimamenn og sveitarfélagið hefðu á virkan hátt tekið þátt í uppbyggingu safnsins. Fjármögnun verkefnisins tókst vegna styrks á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2002 og styrkja frá Menningarborgarsjóði, menningarráði Austurlands og fleiri smærri aðilum.

Áskell sagði að sérstök áhersla hefði verið lögð á að allt viðkomandi Kjarvalsstofu yrði fyrsta flokks. Hann nefndi þar sérstaklega til sögunnar Jón Þórisson leikmyndateiknara, sem hannað hefur alla uppsetningu á Kjarvalsstofu og á heiður af útliti hennar.

"Það er skýrt í mínum huga," sagði Áskell, "að hugmyndin um Kjarvalsstofu er ekki síst hugsuð til að verða lyftistöng fyrir borgfirskt samfélag og til að gera minningu Jóa í Geitavík, eins og Kjarval var alltaf kallaður hér, góð skil og sýna henni tilhlýðilega virðingu."

Nýkjörinn oddviti Borgfirðinga, Kristjana Björnsdóttir, tók til máls og sagði það útbreiddan misskilning, að þeir sem byggju á svokölluðum afskekktum stöðum hefðu dagað þar uppi og ekki haft manndóm í sér til að hafa sig á brott. "Þetta er alrangt hvað okkur varðar," sagði Kristjana. "Við höfum valið okkur að vera á Borgarfirði eystra, hér líður okkur vel og hér viljum við vera. Í fámennu byggðarlagi hefur hver og einn einstaklingur mikilvægu hlutverki að gegna. Borgfirðingurinn Jói í Geitavík náði að rækja sitt hlutverk af slíkri kostgæfni að úr varð meistari Kjarval, sem ekki aðeins Borgfirðingar, heldur Íslendingar allir, líta til með stolti og þakklæti. Það þarf ekki aðeins hugmyndaauðgi og dugnað til að gera að veruleika stórvirki eins og Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystra, heldur ekki hvað síst óbilandi bjartsýni og trú á sitt fólk," sagði hún.

Formfegurð og litadýrð

Áður en Ólafur Ragnar Grímsson opnaði safnið formlega sagði hann Kjarval hafa haft þá náðargáfu að lesa litina öðrum augum en flestir aðrir. Eðlilegt væri að spyrja hvaðan honum kom innblásturinn og listgáfan og því til að svara að á Borgarfirði hefði hann séð formfegurð, birtu og litadýrð fjallanna og fjarðarins. Þar hefðu verið heimkynni og rætur Kjarvals, sem mótuðu hann ungan og fylgdu honum ævina á enda.

"Kjarvalsstofa mun verða áningarstaður öllum þeim sem vilja skilja íslenska menningu, listsköpun meistara sem átti rætur í daglegu erfiði íslensks alþýðufólks en varð slíkur töframaður að hann breytti einn og sér sjálfsvitund heillar þjóðar. Hann varð einn áhrifaríkasti fulltrúi okkar í samfélagi heimslistarinnar," sagði forsetinn.

Að ræðum loknum klippti Ólafur Ragnar á borðann og gestir gengu upp á aðra hæð félagsheimilisins. Þar bar fyrst að líta yfirgripsmikla sögusýningu um líf og list Kjarvals sem sett var fram á myndrænan hátt á veggspjöldum með texta og ljósmyndum. Þá eru þar ýmsir munir sem tilheyrðu honum, svo sem víðfrægur hattur sem hann gjarnan bar. Í bakherbergi við sýningarsalinn var skoðuð vinnustofa fyrir börn, þar sem aðstaða er fyrir ungviði til að spreyta sig á málalartistinni. Starfsmenn frá Handverkstæðinu Ásgarði í Lækjarbotnum komu sérstaklega til Borgarfjarðar til þess að hjálpa til við hönnun og gerð þessa herbergis. Þá var gengið í norðurhluta hússins og þar skoðuð sýningin "Jói í Geitavík" sem tekur sérstaklega á tengslum Kjarvals við borgfirskt mannlíf. Er þar byggt á heimildum um æsku hans og sögum frá lengri og skemmri viðkomu á staðnum. Meðal annarra hluta er þar eftirprentun af frægri altaristöflu Kjarvals sem borgfirskar kvenfélagskonur fengu hann til að mála árið 1914. Þar stendur Kristur á Álfaborginni, þekktu kennileiti á Borgarfirði, og flytur mannfjöldanum fjallræðuna. Á töflunni mátti greina andlit ýmissa sveitunga Kjarvals og þótti sumum í geistlegri stétt manna á Íslandi þar fulllangt gengið hjá málaranum.

Í leit að landslagi

Í sól og blíðu gengu menn frá Fjarðarborg upp að Vinaminni, félagsheimili eldri borgara. Þar var opnuð sýning á verkum Kjarvals máluðum á Borgarfirði, en þau voru lánuð frá Listasafni Reykjavíkur samkvæmt nýjum samningi.

Enn var land lagt undir fót og að þessu sinni gengið niður að gömlu frystihúsi við höfnina sem nú kallast "Artwatchinghouse", sjálfsagt í stíl við "Birdwatchinghouse" þar skammt frá sem mikið er notað af fuglaáhugamönnum. Þarna var opnuð sýning á innsetningum sex reykvískra myndlistarmanna sem hafa dvalist í frystihúsinu undanfarnar vikur við listsköpun.

Forseta og öðrum gestum var nú boðið í flatbrauð og pönnsur í Fjarðarborg og tóku menn rösklega til matar síns og frekari ræðuhalda, uns tímabært var að halda í næsta áfanga dagsins. Eftirprentunum af þremur þekktum verkum eftir Kjarval hefur verið komið fyrir úti í náttúrunni þar sem sjá má fyrirmynd málarans glögglega til samanburðar og var eitt verkanna tekið til skoðunar á vettvangi.

Í aftanskininu tók síðasti dagskrárliður hinnar "kjarvölsku" atburðarásar á Borgarfirði við þegar frumsýnt var leikritið "Gilligogg" eftir þá Ásgrím Inga Arngrímsson og Andrés Sigurvínsson í leikstjórn hins síðarnefnda (gilligogg er orð sem Kjarval notaði um það sem honum var að skapi). Þar verður að yrkisefni tíminn þegar Kjarval var á heimaslóðum við að mála fyrrnefnda altaristöflu. Kallast á ljóð og leikin atriði, staðreyndir og uppdiktaðar sögur af Kjarval og heimafélki. Leikarar í verkinu eru 22 talsins, en haft er fyrir satt að fimmti hver Borgfirðingur hafi komið að sýningunni.

Sjálfsagt hafa flestir íbúar þessarar fögru sveitar á einhvern máta lagt sitt af mörkum til að Kjarvalsstofa yrði að veruleika og vonandi verður hún byggðinni sú lyftistöng sem ætlast er til. Ætli Jói í Geitavík myndi ekki sjálfur klykkja út með "gilligogg", hefði hann tækifæri til?